

# .: SJÁLFBÆRNISKÝRSLA 2022 IÐAN FRÆÐSLUSETUR



## ..: Efnisyfirlit

4	Ávarp framkvæmdastjóra
8	Inngangur
10	Umhverfi
10	Sorphirða
12	Bransadagar
14	Félagslegir þættir
16	Aðgengi að menntun
18	Símenntun
20	Vefnám
20	Fræðslumyndskeið
22	Jafnréttisstefna
24	Stjórnunarhættir
26	Stefna lðunnar
26	Sjálfbærni
28	Félagsfólk í forgrunni
28	Samvinna
30	Nýsköpun
32	Iðan í framtíðinni
34- 45	UFS tafla

## .: Ávarp framkvæmdastjóra



**Hildur Elín Vignir**  
Framkvæmdastjóri

Við þurfum að gera betur. Þrátt fyrir þá miklu hugarfarsbyltingu sem hefur orðið í umhverfismálum þá stöndum við öll frammi fyrir mikilli áskorun. Við þurfum að bretta upp ermarnar og bregðast hratt við áhrifum gróðurhúsalofttegunda á umhverfið og draga úr losun kolefnis. Íslenskur iðnaður hefur einsett sér að finna góðar lausnir í sjálfbærnimálum. Við hjá Iðunni fræðslusetri viljum sýna gott fordæmi, það er hlutverk okkar að vera leiðandi í íslenskum iðnaði og miðla til okkar félagsfólks nýjustu þekkingu.

Kröfur um gagnsæi í rekstri og góða upplýsingagjöf í sjálfbærni eru sífellt að aukast. Góð upplýsingagjöf um sjálfbærni er heiðarleg, það þarf bæði að greina frá góðum árangri og því sem stendur til að gera betur.

Við höfum á síðasta starfsári tekið mörg góð skref í þágu umhverfisins og erum lögð af stað í vegferð sem við vitum að er bæði nauðsynleg og að verður ekkert alltaf auðveld. Við ákváðum strax í upphafi ferðar að greina reksturinn og hvaða þætti sjálfbærni hefur mest áhrif á. Í kjölfarið settum við okkur stefnu með skýrum markmiðum og mælikvörðum. Við munum reglulega endurskoða markmiðin og færa þau hærra.

Sjálfbærni er stórt og mikilvægt hugtak og snýr ekki eingöngu að umhverfismálum heldur einnig velferð okkar og jöfnuði. Við styðjumst við fjögur Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna til að ná betri árangri; Menntun fyrir alla, jafnrétti kynjanna, góða atvinnu og hagvöxt og ábyrga neyslu og framleiðslu. Það er mikilvægt að hafa áttavita á ferðalaginu og með útgáfu þessarar skýrslu vonumst við til þess að félagsfólk okkar í iðnaði hafi gagn af.



### **Menntun fyrir alla félagsmenn Iðunnar**

- Efla sjálfbærnivitund hjá félagsmönnum Iðunnar með markvissum og mælanlegum aðgerðum
  - Fjölga nemendum í iðn-, verk- og tækninámi
  - Stuðla að fjölbreyttari leiðum í iðnnámi fullorðinna



### **Stuðla að aukinni samkeppnishæfni fyrirtækja og félagsmanna Iðunnar**

- Auka framleiðni í sátt við umhverfi og samfélag
- Efla þjónustuframboð í ráðgjöf og fræðslu um sjálfbærni



### **Áhersla á jafnrétti kynja í öllu sínu náms- og þjónustuframboði**

- Vinna að jafnara kynjahlutfalli í öllum iðngreinum
- Vekja athygli á vinnuframboði iðngreina óháð kynjum
- Greina og setja mælanleg markmið fyrir sókn kynja í fræðslu fyrir ólíkar atvinnugreinar



### **Veita fræðslu og ráðgjöf um ábyrga neyslu og framleiðslu**

- Móta og innleiða sjálfbærnistefnu Iðunnar
- Efla fræðslu um sjálfbærni í íslenskum iðnaði



## ∴ Inngangur

Iðan fræðslusetur er þekkingarmiðstöð fyrir flestar löggiltar iðngreinar. Sjálfbærni er eitt af fjórum megin áhersluatriðum í stefnu Iðunnar sem sett var fram vorið 2022. Iðan hefur sett sér metnaðarfull markmið í sjálfbærnimálum og þessi skýrsla er ætluð til að undirstrika þau markmið. Iðan ber samfélagslega ábyrgð þegar kemur að því að fræða félagsmenn Iðunnar í sjálfbærnimálum sem og aðra sem vilja sækja sér aukinnar þekkingar.

Í stefnu Iðunnar um sjálfbærni segir að Iðan skuli hafa sjálfbærnihugsun að leiðarljósi í allri þekkingarmiðlun og þjónustuframboði. Til að styðja við stefnuna hefur sjálfbærni ráð Iðunnar ásamt starfsfólki valið fjögur markmið af sautján heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmiðin voru skoðuð í samhengi við starfsemi Iðunnar og munu ráða ferðinni í sjálfbærnivægferð fyrirtækisins.





## .: Umhverfi

### .: Sorphirða

Fyrir tæpu ári síðan var ákveðið að bæta flokkunarhlutfall Sorps hjá Iðunni. Ráðgjafi frá Terra fór ítarlega yfir sorphirðuna og gaf góð ráð. Í kjölfarið var ákveðið að fækka öllum tunnum fyrir almennt sorp í húsinu og við húsið og bæta við tunnum sem endurspeгла flokkun sorps. Þá eru útitunnurnar læstar svo aðeins starfsfólk Iðunnar hefur aðgang að þeim. Með þessum hætti skilar flokkunin sér betur til Terra. Ráðist var í að uppfæra allar merkingar á tunnum í húsinu og að hafa flokkana mjög skýra. Mælt var með merkingum frá Fenúr.

Breytingarnar skiluðu góðum árangri. Í lok mars 2022 var flokkunarhlutfallið 34%. Í lok apríl fór flokkunarhlutfallið upp í 66%. Flokkunarhlutfallið árið 2022 var 60%. Til viðmiðunar var flokkunarhlutfallið 45% árið 2021.

Úrgangurinn árið 2022 var 3810 kg og árið 2021, 4573 kg. Bætt sorphirða hefur því skilað minni úrgangi og bættri flokkun. Iðan ætlar sér að gera enn betur og í lok árs 2023 er markmiðið að vera komin í 70% flokkunarhlutfall eða hærra.



## ..: Bransadagar

Bransadagar Iðunnar voru í fyrsta skipti haldnir á árinu með fjölbreyttri fræðslu helgaðri sjálfbærni í iðnaði. Bransadagar eru haldnir til þess að styðja við fagfólk og stjórnendur í iðnaði á lausnamiðaðan hátt til þess að takast á við kröfur samtímans um aukna sjálfbærni og nýsköpun. Ólíkar iðngreinar komu þar saman og settu sjálfbærni í brennidepil; prent- og miðlunargreinar, matvæla- og veitingagreinar, bygginga- og mannvirkjagreinar, málm- og véltæknigreinar og bílgreinar.

Boðið var upp á stafræna fyrirlestra frá innlendum og erlendum sérfræðingum í sjálfbærni og umhverfismálum í iðnaði. Þá var haldin fræðsluveisla í Iðunni fræðslusetri þar sem Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku-, og loftlagsráðherra hélt erindi og minnti á mikilvægi græns iðnaðar. Sonja Rut Aðalsteinsdóttir sem sér um þróun þjónustu hjá Marel og Sigurður Örn Alfonsson sérfræðingur Marel í sjálfbærni kynntu vegferð fyrirtækisins í sjálfbærni. Lovísa Árnadóttir upplýsingafulltrúi sagði frá verkefninu orkuskipti.is. Þá gáfu sérfræðingar gestum upplýsingar um vottunarkerfin Svaninn, BREEAM og LEED og fleiri aðilar kynntu áherslur sjálfbærni í iðnaði.

Mikið var lagt upp með að hafa viðburðinn umhverfisvænan en kolefnisspor veitinga og orkunotkunar var mælt ásamt því að keypt var tré fyrir hvern skráðan gest.





## .: Félagslegir þættir

Helstu félagslegir þættir Iðunnar hvað varðar sjálfbærni snúa að því að skapa umhverfi sem styður við heilsu, öryggi, jafnrétti, þróun þekkingar og bættu aðgengi að námi og þjónustu Iðunnar.

Heilsa og öryggi starfsmanna og þeirra sem sækja námskeið eða aðra þjónustu til Iðunnar hefur ávallt verið í forgrunni. Í sextán ár hefur starfsfólki staðið til boða inflúensubólusetningar og heilsufarsmælingar. Á síðasta ári var lagður grunnur að geðheilsustefnu fyrirtækisins með aðkomu ráðgjafa frá Mental. Með því að setja okkur geðheilsustefnu lýsum við því hvernig við viljum skapa okkur og starfsfólki góð vinnuskilyrði sem setja geðheilsu starfsfólks í fyrsta sæti.

Jafnréttisstefna Iðunnar var uppfærð á árinu og áætlun til að taka á einelti og áreitni lögð fram. Einnig hófst undirbúningur að jafnlaunastaðfestingu skv. lögum nr.150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Samfélagsleg ábyrgð hefur verið í brennidepli á liðnu starfsári með greiningu og innleiðingu á sjálfbærnistefnu fyrirtækisins og starfsfólk hefur verið hvatt áfram með fræðslu og upplýsingagjöf. Í starfsemi Iðunnar er fastur liður að styðja við Bleikan október og Mottumars. Innan fyrirtækisins styður starfsfólk og starfsmannafélag einnig reglulega við valin góðgerðarmál.

Nýjar stafrænar tæknilausnir hafa bætt aðgengi og gagnsæi innan Iðunnar. Sem dæmi má nefna útgáfu stafrænna viðurkenninga fyrir nám, stafrænar lausnir í bókhaldi og bætt aðgengi að námi með fjölbreyttara námsframboði á vefnum.

Starfsfólki er heimilt, svo framarlega sem verkefni/störf viðkomandi bjóða upp á, að vinna heima 1-2 daga í viku og hefur starfsfólk nýtt sér það. Kynntar voru leiðbeiningar um fjarvinnu og vinnuumhverfi starfsfólks heimafyrir bætt.

Við árslok 2022 störfuðu 27 manns í fastri vinnu hjá fyrirtækinu, 9 karlmenn og 18 konur. Hjá Iðunni starfar fjöldi verktaka og lausráðið launafólk. Nær allir kennarar Iðunnar eru verktakar sem eru sérfræðingar úr atvinnulífinu. Aðrir sérfræðingar sem vinna í raunfærnimati eru einnig verktakar. Lausráðið starfsfólk starfar aðallega í sveinsprófsnefndum.

Aðrir sem þiggja greiðslur frá Iðunni eru iðnnemar, sveinar og fagfólk sem fá Erasmus námsstyrki og fyrirtæki sem sjá um þjálfun iðnnema. Frekari töluleg skilgreining á þessum þáttum má finna í UFS-töflunni aftast í skýrslunni.

## .: Aðgengi að menntun

Iðan stuðlar að fjölbreyttum leiðum til náms og öflun þekkingar. Alþjóðlegir og innlendir menntasjóðir styðja þátttöku Iðunnar til ýmissa verkefna sem hafa það að markmiði að efla aðgengi og menntun í iðnaði. Síðustu misseri hafa þessir sjóðir sett umhverfismál, inngildingu og stafrænar lausnir í öndvegi. Þessi áhersluatriði setja sjálfbærni í forgang þegar sótt er um fjármagn, þá sér í lagi í alþjóðlega sjóði. Endurskoðun á alþjóðastefnu Iðunnar hófst í lok 2022. Endurskoðunin felur í sér aukna áherslu á þeim þáttum sem snúa að sjálfbærni. Dæmi um erlend og innlend verkefni sem og almenn verkefni árið 2022 sem taka mið af gildum sjálfbærinnar:

- EQUAMOB, gæðamerki handa fyrirmyndarfyrirtækjum í námsmannskiptum.
- Náms- og starfsmannaskipti í Evrópu sem auka og efla þekkingu einstaklinga.
- Painting Skills Academy eflir aðgengi að námsleiðum í málaraíðni í gegnum raunfærnimat, mat á erlendu námi og námskeiðahaldi.
- Enska fyrir þig, enskukennsla um umhverfisþætti fyrir iðnaðinn.
- Viðmið voru sett um fjölda námskeiða hjá Iðunni sem verða að taka mið af sjálfbærni.

Raunfærnimat hefur verið stór hluti af starfsemi Iðunnar frá upphafi. Raunfærnimat gerir fólki með mikla starfsreynslu kleift að fá hæfni sína metna á móti námskrá sem hefur leitt til styttingar á námstíma.

Þessi verkefni hafa verið unnin í samráði við framhaldsskólana til að auðvelda aðgengi að þeim. Blikur eru nú á lofti því færri komast að en vilja í skólana vegna nýrra laga um forgangsröðun í framhaldsskólana. Mikil vinna á árinu 2022 hefur átt sér stað við að finna leiðir til að veita þessum hópi fullorðinna aðgengi að skólunum með takmörkuðum árangri, því er verk að vinna á næstu árum að finna nýjar leiðir til að styðja við þennan hóp fólks og finna varanlegri lausn að aðgengi til náms.

Mat og viðurkenning á erlendu iðnnámi og starfsreynslu efla stöðu erlendra þegna á vinnumarkaði sem geta gengið í stéttarfélag iðnaðarmanna og hafa aðgengi að frekari námstækifærum.

## .: Símenntun

Sjálfbærni og þau fjögur heimsmarkmið sem starfsfólk Iðunnar fræðsluseturs hefur sem leiðarvísa hafa mikla þýðingu í mótun alls fræðslustarfs. Það skiptir Iðuna miklu máli að allt félagsfólk hafi tækifæri til þess að stunda reglulega símenntun og sækja sér fræðslu. Framboð á fjarnámi hefur verið aukið og fræðsluframboðið er mun fjölbreyttara en áður. Hlaðvörp, pistlar, kennslumyndskleið og vefnámskleið eru dæmi um fjölbreyttara námsframboð.

Heimsmarkmið um menntun fyrir alla, þýðir einnig að í námsframboðinu þarf að tryggja að félagsfólk okkar öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til að takast á við stórar áskoranir sem fylgja loftlagsvandnum og auknum kröfum um sjálfbærni í öllum rekstri. Fræðslufyrirlestrar um sjálfbærni í iðnaði hafa verið haldnir reglulega frá árinu 2021 og veitt félagsfólki Iðunnar sterka innsýn í áskoranir og lausnir. Við stefnum á að gera enn betur í þessum efnum og lítum á verkefnið sem stöðuga framþróun.

Heimsmarkmið um góða atvinnu og hagvöxt skerpa á þeirri sýn Iðunnar að fræðsluframboðið þarf að efla félagsfólk til þess að styrkja grundvöll og möguleika faggreinanna. Í því samhengi er mikilvægt að miðla nýrri þekkingu í iðnaði en á sama tíma að treysta grunninn sem áður með hefðbundnum námskleiðum greinanna.





## .: Vefnám

Hugtakið vefnám er notað innan lóunnar um námskeið sem fara alfarið fram á vefnum og eru ekki í rauntíma. Þátttakendur geta s.s. tekið þátt óháð stað og stund, svo lengi sem þeir hafa til þess bæran vél- og hugbúnað. Yfirleitt krefst námið aðeins aðgengi að tölvu, nettengingu og vefskoðara. Vefnám getur verið margskonar. Það getur samanstaðið af röð myndskaiða eða innihaldið fjölbreyttara efni, s.s. texta, myndir og hljóð. Það getur verið með aðkomu kennara, t.a.m. með notkun á umræðuvettvöngum eða algjörlega sjálfstætt. Vefnám hentar mjög vel til að kenna ýmsa færni þar sem staðbundinnar, verklegar kennslu er ekki krafist. Vefnám er auk þess sveigjanlegt þar sem t.d. búseta verður ekki fyrirstaða.

## .: Fræðslumyndskaið

Fræðsla getur farið fram á ýmsa vegu og heildstæð námskaið eru aðeins ein leið af mörgum. Fræðslumyndskaið lóunnar eru mikilvægur vettvangur til að miðla fræðslu til fagfólks og um leið auglýsa fræðslustarf og þjónustu lóunnar. Fræðslumyndskaiðin eru flokkuð eftir gerð og framsetningu og spanna allt frá stuttum, hnitmiðuðum fræðslumolum upp í fullgerða fyrirlestra. Þar á milli eru svo heimsóknir á vettvang, kaffisþjall og kynningar. Fræðslumyndskaið eru vaxandi þáttur í fræðslustarfi á heimsvísu og þau eru einnig stór hluti af markaðsstarfi fyrirtækja. Fræðslumyndskaið henta vel til óformlegrar fræðslu og ef vel tekst til geta þau orðið ómissandi þáttur í símenntun fagfólks.



## .: Jafnréttisstefna

Iðan hefur sett sér jafnréttisstefnu sem hefur það að markmiði að allt starfsfólk hafi sömu tækifæri og njóti sömu réttinda innan fyrirtækisins. Stefnan byggir á gildum Iðunnar. Jafnréttisstefna Iðunnar er unnin með hliðsjón að lögum nr.150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna og lögum nr. 85/2018 um jafna meðferð á vinnumarkaði, óháð kynþætti, þjóðerni, uppruna, trúar, lífsskoðunar, fötlunar, skertri starfsgetu, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum eða kyntjáningu. Stjórnendur Iðunnar skulu fylgja jafnréttisstefnu fyrirtækisins og vinna að auknu jafnrétti innan þess.

Samhliða jafnréttisáætlun var aðgerðaráætlun unnin sem skýrir betur aðgerðir og leiðir til að ná settum markmiðum. Jafnréttisáætlunin er í átta liðum og fylgir aðgerðaráætlun hverjum lið.

Jafnréttisteymi er starfrækt innan fyrirtækisins og er það skipað af framkvæmdarstjóra til tveggja ára í senn. Jafnréttisteymi er ætlað að veita stjórnendum aðhald varðandi innihald og markmið áætlunarinnar. Teymið hefur umsjón með árlegri endurskoðun jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlunar í jafnréttismálum og fer yfir niðurstöður mælinga. Framkvæmd aðgerðaráætlunar er á ábyrgð stjórnenda Iðunnar.



## .: Stjórnunarhættir

Stjórnarhættir snúa að kjarasamningum, launahlutfalli starfsfólks, innkaupastefnu, persónuvernd og peningastefnu.

Í stjórn lðunnar eru tíu aðilar, tvær konur og átta karlmenn. Hjá lðunni starfa fimm stjórnendur, þrjár konur og tveir karlmenn. lðan er í jafnlaunavegferð og vinnur nú að jafnlaunastaðfestingu til að koma í veg fyrir mismunun í launum á grundvelli kyns. Einnig er passað upp á réttindi starfsfólks tengd kjarasamningum. Hjá lðunni er unnið eftir verkferlum í gæðakerfi. Gæðakerfið er reglulega tekið út af þriðja aðila á vegum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Nú í ár gefur lðan út sína fyrstu sjálfbærnisráðgjafu. Árlega er unnin greining á rekstri íslenskra fyrirtækja og framúrskarandi fyrirtækjum veitt viðurkenning fyrir starfsemi sína. lðan hefur hlotið þá viðurkenningu tíu sinnum.

lðan leggur áherslu á örugga og ábyrga meðferð persónuupplýsinga. Leitast er við að takmarka vinnslu persónuupplýsinga eins og hægt er og ekki safnað persónuupplýsingum umfram það sem nauðsynlegt er. Öll vinnsla á persónuupplýsingum, þ.m.t. öflun, skráning, vistun og meðferð þeirra á vegum lðunnar, lýtur lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga og öðrum reglum sem settar hafa verið á grundvelli persónuverndarlaga. Framkvæmdastjóri lðunnar ber ábyrgð á rekstri lðunnar og sér um daglegan rekstur. Í innkaupum hjá lðunni þarf að huga betur að umhverfinu. Leggja þarf áherslu á að versla umhverfisvænar vörur og reyna að halda innkaupum á óþarfa hlutum í lágmarki.





## .: Stefna Iðunnar

### .: Sjálfbærni

Fyrir um ári síðan var farið í umfangsmikla greiningarvinnu á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Hvert markmið var skoðað með tilliti til reksturs og starfsemi Iðunnar, þar að segja fræðslustarf og áhrif út á við. Eftir nokkrar yfirferðir á hverju markmiði var efnt til könnunar á meðal starfsfólks sem leiddi svo í ljós endanlega niðurstöðu.

Síðasta haust var sjálfbærniteymi sett á laggirnar sem hefur það hlutverk að uppfylla heimsmarkmiðin og huga almennt að sjálfbærni í rekstri og fræðslustarfi Iðunnar fræðsluseturs. Teymið hittist einu sinni í viku á vinnufundum og hefur unnið að markmiðasetningu fyrir næstu 12-18 mánuðina með utanaðkomandi ráðgjafa. Markmiðið er að Iðan tileinki sér samfélagslega ábyrgð með því að veita fræðslu og ráðgjöf um ábyrga neyslu og framleiðslu. Aðgerðirnar snúa að því að kortleggja öll innkaup, bæta sorphirðu enn frekar og fræða alla hagaðila Iðunnar um sjálfbærni.

Sjálfbærniteymið gaf nýverið út fræðslubækling sem ætluð er starfsmönnum, stjórn og fagráðum Iðunnar en þar er að geyma almenna fræðslu um sjálfbærni og hvernig hægt sé að verða meðvitaðri að bæta sig í öllu sem tengist sjálfbærni.



## .: Félagsfólk í forgrunni

Samkvæmt þessari stefnuáherslu þekkir Iðan félagsfólk sitt og stuðlar að aukinni færni þeirra í lífi og starfi. Eitt af markmiðunum í þessari stefnuáherslu er að ná til stærri og fjölbreyttari hóps félagsfólks. Það hefur Iðan gert til dæmis með því að bjóða upp á allt sitt námsframboð, sem hægt er, bæði í staðnámi og fjarnámi. Með þessu er verið að ná til stærri hóps félagsfólks og tryggja aðgengi fyrir það allt að námskeiðum sem Iðan býður upp á. Margir af félagsmönnum Iðunnar eru búsettir á landsbyggðinni og því fækkar þetta verulega ferðum á milli landshluta. Töluverður fjöldi fólks sem er af erlendu bergi brotinn starfar við iðngreinar, stærstur hluti Pólverjar. Iðan hefur höfðað til ólíkra markhópa með ráðningu pólsks starfsmanns sem hefur sinnt þessum stóra hluta Pólverja sem til Iðunnar leita. Þá hefur Iðan miðlað efni til félagsmanna í gegnum hlaðvörp sem gefin hafa verið út. Þar er fjallað um hvers kyns fróðleik sem snertir félagsfólk á einn eða annan hátt. Jafnframt hafa verið gefið út hlaðvörp og annað markaðsefni á pólsku og ensku.

## .: Samvinna

Samkvæmt þessari stefnuáherslu vinnur Iðan sem ein heild í nánu samstarfi við félagsfólk og iðnaðinn. Eitt af markmiðum þessarar stefnuáherslu er að hjá Iðunni vinnur starfsfólk í þverfaglegu teymisstarfi með hag iðnaðarins að leiðarljósi. Árið 2022 voru gerðar skipulagsbreytingar á starfsemi Iðunnar og í framhaldi af því var þverfagleg teymisvinna meðal starfsfólks eflað til muna. Mikil sérfræðiþekking er innan fyrirtækisins og er valið í hópa út frá styrkleikum og þekkingu hvers og eins starfsmanns. Þá var unnið að því að auka samstarf á milli fyrirtækisins, félagsfólks og fyrirtækja í þeim greinum sem tengjast starfsemi Iðunnar. Það var gert til dæmis með Bransadögum sem haldnir voru í nóvember 2022.



## .: Nýsköpun

Á síðasta starfsári var ákveðið að festa í sessi nýsköpun og tækni sem eina af lykilstefnum Iðunnar fræðsluseturs. Markmið okkar er að bjóða upp á fræðslu sem styður við og eflir nýsköpun þannig að iðnmenntaðir séu betur í stakk búnir að takast á við auknar kröfur og hraða framþróun í atvinnulífinu.

Sterk áhersla á nýsköpun í fræðslustarfi Iðunnar er nátengd áttunda heimsmarkmiðinu um góða atvinnu og hagvöxt og einnig tólfta heimsmarkmiðinu sem fjallar um ábyrga neyslu og framleiðslu. Nýsköpun og sjálfbærni mun fléttast saman í fræðslustarfi Iðunnar enda fer það saman við sívaxandi kröfu um aukna framleiðni sem er í sátt við umhverfi og samfélag og ábyrga neyslu og framleiðslu í iðnaði. Fyrsta námskeiðið var haldið í byrjun árs og var vinnustofa í nýsköpun og gerð viðskiptaáætlana. Þá hóf göngu sína nýtt hlaðvarp um nýsköpun undir merkjum Augnabliks í iðnaði þar sem rætt verður við frumkvöðla í iðnaði og fólk sem starfar í stuðningi við nýsköpun.





∴ Iðan í framtíðinni



GRÆN  
NÁMSKEIÐ



ENDURVINNSLU-  
HLUTFALL 70%



MINNKA  
KOLEFNISSPOR



KOLEFNIS-  
BINDING



JAFNLAUNA-  
STAÐFESTING



NÝ HEIMASÍÐA



GRÆN SKREF



GRÆNT  
MÆLABORÐ

.: UFS tafla

UMHVERFI	Einingar	2020	2021	2022
<b>Losun gróðurhúslofttegunda</b>				
Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 1	t-CO <sub>2</sub> .í	2,10	3,74	2,50
Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 2	t-CO <sub>2</sub> .í	2,55	2,69	3,14
Heildarmagn í CO2 ígildum, fyrir umfang 3	t-CO <sub>2</sub> .í	-	-	-
Samtals losun gróðurhúslofttegunda	t-CO <sub>2</sub> .í	4,66	6,43	5,64
<b>Losunarkræfni gróðurhúslofttegunda</b>				
Losunarkræfni orku	kg-CO <sub>2</sub> -í/kWst	0,052	0,079	0,055
Losunarkræfni starfsmanna	kg-CO <sub>2</sub> -í/stöðugildi	202,43	238,29	208,94
Losunarkræfni tekna	kg-CO <sub>2</sub> -í/milljón ISK	0,000006	0,000008	0,000007
Losunarkræfni á hvern fermetra	kg-CO <sub>2</sub> -í/m <sup>2</sup>	2,40	3,32	2,91
<b>Orkunotkun</b>				
Heildarmagn beinnar orkunotkunar	kWst	-	-	-
Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	kWst	89.064	81.858	102.616
<b>Orkukræfni</b>				
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	3.872	3.032	3.801
Orkukræfni veltu	kWst/milljón ISK	0,00012	1,00E-04	0,000125932
Orkukræfni á fermetra	kWst/m <sup>2</sup>	45,89	42,18	52,87
<b>Samsetning orku</b>				
Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum				
Jarðefnaeldsneyti	%	9%	15%	9%
Endurnýjanleg orka	%	91%	83%	90%
Jarðefnagas	%	1%	1%	1%
<b>Vatnsnotkun</b>				
Heitt vatn	m <sup>3</sup>	7.154	8.431	9.490
Kalt vatn	m <sup>3</sup>	544	2.019	2.041
Samtals vatnsnotkun	m <sup>3</sup>	7.698	10.450	11.531

<b>Umhverfisstarfsemi</b>				
Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu?	já/nei	Nei	Já	Já
Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku, og/eða endurvinnslu?	já/nei	Nei	Já	Já
Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	já/nei	Nei	Nei	Nei
<b>Loftslagseftirlit/stjórn</b>				
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Nei
<b>Loftslagseftirlit/stjórnendur</b>				
Hefur æðsta stjórnarteymi þitt eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?	já/nei	Nei	Nei	Nei
<b>Mildun lofslagsáhættu</b>				
Heildarfjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	já/nei	Nei	Nei	Nei
<b>Meðhöndlun úrgangs</b>				
Blandaður úrgangur	kg	2561	2501	1514
Blandaður pappír	kg	1441	823	1084
Lífrænt til moltugerðar	kg	1157	810	914
Blandaðar plastumbúðir	kg	574	439	298
Heildar úrgangur	kg	5733	4573	3810
Flokkunarhlutfall	%	55%	45%	60%
<b>Úrgangskræfni</b>				
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	249,26	169,37	141,11
Úrgangskræfni veltu	kg/milljón ISK	0,000008	0,000006	0,000005
<b>Fræðsluferðir</b>				
Losun vegna fræðsluferða	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-
Flug	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-
Akstur	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-
<b>Ferðir starfsmanna til og frá vinnu</b>				
Losun á akstri starfsmanna til og frá vinnu	t-CO <sub>2</sub> -í	-	9,538	6,359
Hlutfall starfsmanna á bensínbíl	%	43%	37%	37%
Hlutfall starfsmanna á díselbíl	%	30%	26%	26%
Hlutfall starfsmanna á rafmagns/tengiltvinn/tvinn/metan/vetnisbíl	%	30%	41%	41%
<b>Mótvægisáðgerðir</b>				
Mótvægisáðgerðir með skógrækt	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-
Mótvægisáðgerðir með endurheimt votlendis	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-
Samtals mótvægisáðgerðir	t-CO <sub>2</sub> -í	-	-	-

FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR				
Launahlutfall framkvæmdastjóra				
Hlutfall heildarlaunagreiðslu framkvæmdastjóra og miðgildis heildarlauna-greiðslna starfsmanna í fullu starf	X:1	-	-	-
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	-	-	-
Launamundur kynja				
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna+A32	X:1	-	-	-
Niðurstaða jafnlaunastaðfestingar	%	-	-	-
Starfsmannavelta				
Starfsmenn í fullu starfi	fjöldi	23	27	27
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi	%	9%	7%	19%
Kynjafjölbreytni				
Starfsmannafjöldi				
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	-	-	67%
Konur	fjöldi	-	-	18
Karlar	fjöldi	-	-	9
Byrjenda- og millistjórnendastöður				
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsþrepi fyrir ofan	%	-	-	60%
Konur	fjöldi	-	-	3
Karlar	fjöldi	-	-	2
Yfirmenn og stjórnendur				
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	-	-	60%
Konur	fjöldi	-	-	3
Karlar	fjöldi	-	-	2

Karlar	fjöldi	-	-	9
Byrjenda- og millistjómendastöður				
Hlutfall kvenna í byrjendastarfi og næsta starfsprepi fyrir ofan	%	-	-	60%
Konur	fjöldi	-	-	3
Karlar	fjöldi	-	-	2
Yfirmenn og stjórnendur				
Hlutfall kvenna í stöðu yfirmanna og stjórnenda	%	-	-	60%
Konur	fjöldi	-	-	3
Karlar	fjöldi	-	-	2
Hlutfall tímabundinna starfskrafta				
Stöðugildi	fjöldi	350	747	797
Prósenta starfsmanna í hlutastarfi	%	13%	19%	15%
Prósenta verktaka og/eða ráðgjafa	%	61%	53%	51%
Aðgerðir gegn mismunun				
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti?	já/nei	Já	Já	Já
Vinnuslysatiðni				
Heildarfjöldi áverka og banaslysa sem hlutfall af heildarfjölda starfsmanna	fjöldi	0	0	1
Hnattræn heilsa og öryggi				
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt vinnuverndarstefnu og/eða heildrænni heilsu- og öryggisstefnu?	já/nei	-	-	-
Barna-nauðungarvinna				
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn barnaþrælkun?	já/nei	-	-	-
Framfylgir fyrirtækið stefnu gegn nauðungarvinnu?	já/nei	-	-	-
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	já/nei	-	-	-
Mannréttindi				
Hefur fyrirtækið birt og framfylgt mannréttindastefnu?	já/nei	-	-	-
Ef já, nær mannréttindastefnan til birgja og framleiðenda?	já/nei	-	-	-

STJÓRNARHÆTTIR				
<b>Kynjahlutfall í stjórn</b>				
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	20%	20%	20%
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	-	-	-
<b>Óhæfi stjórnar</b>				
Bannar fyrirtækið framkvæmdastjóra að sinna stjórnarformennsku?	já/nei	Já	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	0%	0%	0%
<b>Kaupaukar</b>				
Fær framkvæmdastjóri formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei	Nei
<b>Kjarasamningar</b>				
Hlutfall starfsmanna sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	0%	0%	0%
<b>Siðareglur birgja</b>				
Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum?	já/nei	-	-	-
Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum?	%	-	-	-
<b>Siðferði og aðgerðir gegn spillingu</b>				
Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?	já/nei	-	-	-
Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni?	%	-	-	-
<b>Persónuvernd</b>				
Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?	já/nei	Já	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	já/nei	Já	Já	Já
<b>Sjálfbærnisrásla</b>				
Birtir fyrirtækið sjálfbærnisráslu?	já/nei	Nei	Nei	Já
Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?	já/nei	Nei	Nei	Já



<b>Starfsvenjur við upplýsingagjöf</b>				
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?	já/nei	Nei	Nei	Já
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	já/nei	Nei	Nei	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	já/nei	Nei	Nei	Já
<b>Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila</b>				
Er upplýsingagjöf um sjálfbærni tryggð eða staðfest af þriðja aðila?	já/nei	Nei	Nei	Nei
Credit info - framúrskarandi fyrirtæki	já/nei	Já	Já	Já
Ríkisendurendurskoðun	já/nei	Já	Já	Já
Húsnæðis - og mannvirkjastofun (eftirlit með námskeiðahaldi)	já/nei	Já	Já	Já
Ath. Önnur svið	já/nei			
Fræðslumiðstöð atvinnulífisins European Quality mark - framkvæmd raunfærimats og námskeiðahalds	já/nei	Já	Já	Já
Diplomasafe - útgáfu starfrænna viðurkenninga	já/nei	Nei	Já	Já
Rafbílavottun - BSI	já/nei	Nei	Já	Já
Erasmus+ viðurkenning	já/nei	Já	Já	Já
<b>Rekstrarbreytur</b>				
Heildartekjur	milljón ISK	753.218.227	818.670.198	814.852.902
Eignir alls	milljón ISK	-	-	507.865.378
Stöðugildi	fjöldi	23	27	27
Heildarrými f. eigin rekstur	m <sup>2</sup>	1940,8	1940,8	1940,8
<b>Eignastýring</b>				
Fjöldi bygginga	fjöldi	1	1	1
Fjöldi bifreiða	fjöldi	2	2	2
Þar af rafmagnsbílar	fjöldi	1	1	1



Rafræn útgáfa af þessari handbók

Prentað hjá



**LITRÓF**  
umhverfissvottuð prentsmiðja



idan@idan.is www.idan.is